

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1219	Suðurgötu 12	Ísak Óskarsson Svæðisstjóri Kvíndisdal			
Arctic Sea Farm ehf. Patreks- og Tálknafirði endurnýjað		400 Ísafjörður			
Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	13.3.2025	25.3.2025	3,5	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 24. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 2 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Nancy Rut Helgadóttir, fór í reglubundið eftirlit hjá Arctic Sea Farm þann 13.mars 2025.

Sígt var með stöðvarstjóra ásamt áhöfn út á eldissvæðið Kvíndisdal í Patreksfirði og fylgdist eftirlitsmaður þar með daglegum störfum eldismanna á eldissvæðinu þann daginn. Meðal daglegra starfa eldismanna var að tæma dauðfisk úr eldiskvíum og að handháfa sveimara.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjalddöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð	Starfsemi
Arctic Sea Farm ehf. Patreks- og Tálknafirði endurnýjað Suðurgötu 12 400 Ísafjörður Staða: Í gildi Kennitala: 7008070450	Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1
Tengiliðir	
Guðmundur Ólafsson	8480473
	gola@afish.is
	Gæðastjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Frávik

Sett inn: 17.03.2025

Net í tveimur stærðum voru til staðar bæði í þjónustubát og pramma. Möskvastærð netanna var of stór miðað við stærð fisks sem var í kvíunum við eftirlit.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávik

Sett inn: 25.06.2024

13.03.2025

Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

25.06.2024

Í eftirlitsskýrslu sem Matvælastofnun gerði í kjölfar eftirlits sem fram fór 22.-24. apríl 2024 var sett alvarlegt frávik þar sem stofnunin taldi ekki vera til staðar virkt innra eftirlit. Í kjölfar þess að rekstrarleyfishafi fékk senda skýrsluna sendi hann Matvælastofnun tímasetta úrbótaáætlun. Þar kom fram, hvað varðar þetta frávik, að rekstrarleyfishafi myndi útbúa verklag sem tæki fyrir innra eftirlit og þær kröfur sem uppfylla þyrfti skv. 48. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Vegna eftirfylgni eftirlits kallaði Matvælastofnun eftir framangreindri verklagi og yfirfór það. Stofnunin telur verklag rekstrarleyfishafa um innra eftirlit ekki fullnægjandi þar sem það uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, sbr. 48. gr. og umfjöllun um innra eftirlit í viðauka III í sömu reglugerð. Í ljósi framangreinds stendur alvarlegt frávik því áfram.

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 25.06.2024

13.03.2025

Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

25.06.2024

Frávik sem skráð var í eftirliti þann 22.-24. apríl 2024 hefur verið lagfært að öðru leiti en er varðar þjálfun starfsfólks í að tryggja velferð eldisdýra. Í verklagi um þjálfun starfsmanna kemur ekki fram að starfsfólk fái þjálfun í að tryggja velferð eldisdýra eins og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um að starfsfólk skuli fá. Þá kemur heldur ekki fram í þjálfunarskrá starfsfólksins að það fái slíka þjálfun. Í ljósi framangreinds er skráð frávik vegna þessa þátta.

•

•

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva	4.1.1 Bátar og flutningstæki
4.1.2 Dauðfiskur	4.1.3 Eldisbúnaður	4.1.5 Eldissvæði
4.1.7 Merkingar sjókvíaeldisstöðva	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Nancy Rut Helgadóttir
nancy.helgadottir@mast.is
Sérfræðingur
8486043

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinnna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-efitirfylgni (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis